

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 10. janúar 1987

um breytingu á II. viðauka tilskipunar ráðsins 66/401/EBE um markaðssetningu
fóðurjurtafræja

(89/100/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní
1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni
var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE ⁽²⁾, einkum 21.
gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Fræ af háliðagrasi (*Alopecurus pratensis*) inniheldur tiltölu-
lega hátt hlutfall fræja af *Poa*-tegundum vegna skilyrða við
ræktun þess annars vegar og útlitseinkenna hins vegar.Þegar um fræ af háliðagrasi er að ræða er því erfitt, hvað
snertir fræ af *Poa*-tegundum, að fara ekki yfir leyfilegt
1% hámarksinnihald fræja af einni annarri jurtategund sem
mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE.Fyrir fræ af ginhöfrum (*Arrhenatherum elatius*) og gullhöfr-
um (*Trisetum flavescens*), sem hafa samsvarandi útlitsein-
kenni, gildir ekki 1% hámarkið fyrir fræ af *Poa*-tegundum.Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda er því
rétt að breyta II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE til að
setja sömu ákvæði um fræ af háliðagrasi.Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í
samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunar-
efni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í 6. dálki A-hluta (töflunnar) 2. mgr. I. hluta II. viðauka
við tilskipun 66/401/EBE, („Hreinleiki — Hámarksinnihald
fræja af öðrum tegundum (% af þyngd) — Ein tegund“)
bætist „(f)“ við á eftir tölunni „1,0“ sem er gefin upp fyrir
Alopecurus pratensis.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara
að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1990. Þeim ber
að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. janúar 1989.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31.